



Könnun á gagnsemi og nýtingu á SELMU innan heimahjúkrunar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Teymi árangurs- og gæðamats

Maí 2021

SELMA - sérhæft heimateymi til styrkingar á heimahjúkrun

SELMA er þverfaglegt teymi hjúkrunarfræðinga af velferðarsviði og lækna af Læknavaktinni. Teyminu er ætlað að vera styrking og ráðgefandi bakland fyrir þjónustu heimahjúkrunar. Teymið sinnir vitjunum og ráðgjöf á dagvinnutíma, með það markmið að auka heilbrigðisþjónustu til skjólstæðinga heimahjúkrunar sem ekki komast til mats og meðferðar á heilsugæslu eða göngudeild.

Markmið könnunarinnar

- Markmið þessarar könnunar er að skoða hvernig þjónusta SELMU er að nýtast.
- Markmiðið er jafnframt að skoða hvort og þá hvernig SELMA geti stutt betur við störf heimahjúkrunar.


Framkvæmd

- Könnunin var unnin af teymi árangurs- og gæðamats á skrifstofu velferðarsviði í samstarfi við verkefnisstjóra SELMU og skrifstofu öldrunarmála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.
- Könnunin var send þann 10.maí 2021 á 48 hjúkrunarstjóra, hjúkrunarfræðinga og teymisstjóra í heimahjúkrun.
- 30 svöruðu könnuninni, sem gerir 63% svarhlutfall.




Niðurstöður


Hversu mikið eða lítið þekkir þú til þjónustu SELMU




Hefur þú fengið
kynningu á
SELMU?



Ef viðkomandi
hafði fengið
kynningu á SELMU:
Fékkstu að þínu
mati nægjanlegar
upplýsingar um
SELMU?



Hversu
aðgengilega
telur þú þjónustu
SELMU vera fyrir
þig?




Hvað er það sem
gerir þjónustu
SELMU
óaðgengilega
fyrir þig?


Einn svaraði að þjónusta SELMU væri frekar óaðgengileg.

- „Erfitt að fá teymisstjóra til þess að senda erindi á SELMU frá okkur hjúkkunum sem erum í beinum tengslum við skjólstæðingana í vinnu alla daga og mat okkar á þessari þörf er ekki tekið nægilega gild“

Myndi rafrænn
aðgangur að
SELMU auka
notkun þína á
þjónustunni?



Telur þú að
SELMA geti nýst
í lausnum á
flóknum og
þungum málum
heimahjúkrunar?



Hvernig telur þú að SELMA geti nýst í lausnum á flóknum og þungum málum heimahjúkrunar?

(22 svöruðu spurningunni)

Faglegt mat í málum sem eru erfið viðureignar:

- Einstaklingar sem vilja ekki aðstoð.
- Einstaklingar sem eru ekki færir um að fara út úr húsi á heilsugæslu.
- Einstaklingar eru ekki til samvinnu um meðferð.
- Einstaklingar sem eiga ekki aðstandendur sem gætu gengið í þeirra mál.

Hvernig telur þú
að SELMA geti
nýst í lausnum á
flóknum og
þungum málum
heimahjúkrunar?
FRH

Bætt aðgengi að læknum og öðrum stofnunum. Bæði fyrir starfsfólk heimahjúkrunar og skjólstæðingana.


- Aðgangur strax að lækni getur einfaldað hlutina og gert það að verkum að ekki þarf að leita lausna á mörgum stöðum. Góð eftirfylgni er líka mikilvægur hlekkur í góðri þjónustu.
- Flókin og þung tilvik fela oft í sér að fólk vill ekki eða treystir sér ekki til að leita til læknis. Því er gott að geta fengið aðkomu læknis í gegn um SELMU teymið.
- Mikilvægur milliliður við heimahjúkrun og skjólstæðinga/aðstandendur.
- SELMA getur stigið inn í aðstæður þar samskipti á milli stofnanna og skjólstæðinga eru orðin erfið. Mikilvægt að einhver taki að sér að kalla alla að borðinu og fara yfir málin svo allir séu á sömu blaðsíðu hvað þjónustu við skjólstæðinginn varðar.

Hvernig telur þú að SELMA geti nýst í lausnum á flóknum og þungum málum heimahjúkrunar? FRH


Koma inn í aðstæður til að meta og skoða:

- Hægt er að nýta SELMU teymið til greiningar og byrja meðferð, og þannig koma í veg fyrir innlögn á LSH.
- SELMA stígur fyrr inní hjá skjólstæðingum með flókinn vanda, kemur með úrlausnir og aðra nálgun sem mögulega kemur í veg fyrir innlögn á LSH. Skilar sér í betri þjónustu og lengri dvöl í heimahúsi.
- Sem dæmi inn á heimili þar sem grunur er um andlegt og líkamlegt ofbeldi. Erfitt að koma inn þjónustu, þar sem skjólstæðingurinn og gerandinn vilja ekki fá þjónustu. Heilsugæslan sinnir málinu að einhverju leyti en ekki farið á staðinn líkt og SELMA sem kemur inn í málið, fer í vitjun og aðstoðar við að finna út hvað hægt er að gera.
- Ekki nóg að ræða málin á fundum. Mikilvægt að fagfólk/læknar komi í vitjanir til að sjá með eigin augum aðstæður fólks og hvað heimahjúkrunin er að fást við.
- Þegar heimahjúkrun upplifir úrræðaleysi hefur reynst gott að fá SELMU með í málið og aðkomu læknis.
- Veitt heimahjúkrun stuðning með að koma málum í ákveðinn farveg. Kemur með tillögur að lausnum og byrjar jafnvel uppvinnslu sem síðar fer í ákveðinn farveg.


Hvernig metur þú, heilt yfir, reynslu þína af samskiptum þínum við starfsfólk SELMU?




Hefur SELMA
komið að mati
og meðferð
þinna
skjólstæðinga?




Hversu mikið
eða lítið hefur
aðkoma SELMU
aukið öryggi þitt
í starfi?



Hversu vel eða illa hefur aðkoma SELMU nýst þinni klínísku nálgun?



Hversu vel eða illa telur þú að aðkoma SELMU hafi nýst þínum skjólstæðingum?



Hvernig telur þú
að SELMA gæti
aukið gæði
þjónustu
heimahjúkrunar?
(23 svöruðu spurningunni)

Langflestir þeirra sem svöruðu þessari spurningu töluðu um að aukin gæði þjónustu heimahjúkrunarinnar með aðkomu SELMU fælust í góðri samvinnu og skjótara aðgengi að læknum.

„Selma eykur gæði heimaþjónustu með aðkomu læknis í heimahúsi“.

Hvernig telur þú að SELMA gæti aukið gæði þjónustu heimahjúkrunar? FRH

Einnig var nefnt að gæði þjónustu heimahjúkrunar aukast með aðkoma SELMU á eftirfarandi hátt:

- Aukið aðgengi að teyminu um helgar og á kvöldin, þegar aðgengi að heilsugæslu er minna.
- Með því að starfa um helgar og á rauðum dögum líka. Þá koma oft upp mál sem gott væri að geta leitað til teymis eins og SELMU.
- Með að auka aðgengi okkar að lækni t.d þegar þarf að auka eða breyta lyfjum. Eða þegar skjólstæðingar okkar eru t.d með sýkingu og fleira þess háttar.
- Erfiðu málin fá kannski betri lausnir, því betur sjá augu en auga.
- Auka klínískt starf sem unnið er í heimahjúkrun og auka gæði.
- Með því að vera til staðar fyrir okkur hjúkrunarfræðinga að leita til og fá ráðgjöf. Með því að geta gengið inn í flókin mál þar sem erfitt er að finna úrlausnir mála.
- Með því að gefa nýja sýn á ákveðin mál og hjálpað til við úrlausnir.
- Læknar meta skjólstæðinga í eigin umhverfi og þeir fá skjótari læknishjálp- þannig er komið í veg fyrir heimsóknir á bráðamóttökuna.
- Vitjanir koma í veg fyrir óþarfa álag á sjúklinga sem eiga erfitt með að fara út.
- Aðstoða heimahjúkrun með þyngstu málin og greiða jafnvel leið fyrir skjólstæðinga í viðeigandi úrræði með aðkomu lækna.

Hvernig getur SELMA komið betur að notum í þínu starfi sem hjúkrunarfræðingur í heimahjúkrun?

(20 svöruðu spurningunni)

Bent var á að SELMA kæmi nú þegar vel að notum og að samvinna væri góð.

- Það mætti bæta aðgengi að þjónustunni; að t.d. hjúkrunarfræðingur geti sent inn erindi um skjólstæðinga.
- Ráðgefandi og komið með lausnir sem við höfum ekki.
- Veita aðstoð klínískt þegar ég er í vafa.
- Með því t.d. að geta sent inn rafrænar fyrirspurnir. Eitthvað sem er ekki mjög áriðandi en þarf aðkomu læknis.
- Með aukinni aðkomu að erfiðum og flóknum málum. Þ.e. að vera stjórnandi í þeim málum og sjá um utanumhald og að kalla til aðila og samræma.
- Gott að hafa aðra hjúkrunarfræðinga til að ráðfæra sig við, sérstaklega ef þeir hafi aðgang að öðrum lausnum en við í heimahjúkrun.
- Með fræðslu og úrlausnir.
- Betri eftirfylgd læknis.
- Það væri gott að hafa reglulega fundi með hjúkrunarfræðingum heimahjúkrunar og fara yfir ákveðin mál sem þarfnast betri úrlausnar.

Að lokum: Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri

(10 svöruðu spurningunni)

- Flott teymi
- Gott að geta leitað til SELMA
- Frábær viðbót við þjónustu heimahjúkrunar sem gerir hana sterkari
- Mér finnst SELMA frábær viðbót
- Þið eru bara æði;)
- Þetta er frábært teymi að mínu mati og frábær viðbót í aðgengi að þjónustu sem hjúkrunarfræðingar heimahjúkrunar geta nýtt sér í að veita bestu hjúkrun sem völ er á hverju sinni.
- SELMA er frábær viðbót við þjónustu skjólstæðinga heimahjúkrunar
- Alveg æðislegt að fá þetta teymi í gagnið. Virkilega gott viðmót frá þeim sem starfa í því og alltaf tilbúin að aðstoða og gera og græja, sama hvað vandamálið er. Vilja frekar fá símtalið en ekki, sama hvort þarf að vísa því annað eða ekki.